

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 339/2006

2011/EES/68/17

frá 24. febrúar 2006

um breytingu á XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar reglur um innflutning á lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í álitinu sínu frá 2001 um landfræðilega hættu á kúariðu (BSE) í Brasilíu, Síle, El Salvador, Nikaragva, Botsvana, Namibíu og Svasílandi komst vísindastýringsnefndin að þeirri niðurstöðu að ekki séu miklar líkur á að kúariða breiðist út í nautgripum í þessum löndum. Af þessum sökum voru þau tilgreind í skrá yfir lönd sem undanþegin eru tilteknum viðskiptaskilyrðum fyrir lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðir í tengslum við smitandi heilahrömun.
- 2) Í uppfærðum álitum, sem samþykkt voru í febrúar 2005 og ágúst 2005, um landfræðilega hættu á kúariðu í tilteknum þriðju löndum er það niðurstaða Matvælaöryggisstofnunar Evrópu að ekki sé ólíklegt að kúariða breiðist út í

nautgripum í Brasilíu, Síle, El Salvador, Nikaragva, Botsvana, Namibíu og Svasílandi. Þess vegna skulu þessi lönd ekki lengur undanþegin viðskiptaskilyrðum fyrir lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðir í tengslum við smitandi heilahrömun.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 25.2.2006, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 29.3.2007, bls. 1.

(¹) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2005 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2005, bls. 4).

VIÐAUKI

Ákvæðum XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

a) Í stað skrár yfir lönd í annarri undirgrein b-liðar 15. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

- „— Argentína
- Ástralía
- Ísland
- Nouvelle Calédonie
- Nýja-Sjáland
- Panama
- Paragvæ
- Singapúr
- Úrúgvæ
- Vanúatú.“

b) Í stað 3. liðar í D-hluta komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 2. liðar skulu ekki gilda um innflutning á nautgripum sem eru fæddir og síðan aldir frá burði í eftirfarandi löndum:

- Argentínu
 - Ástralíu
 - Íslandi
 - Nouvelle Calédonie
 - Nýja-Sjálandi
 - Panama
 - Paragvæ
 - Singapúr
 - Úrúgvæ
 - Vanúatú.“
-